

Opið þakkarbréf til dómsmálaráðherra um forsjármál (Morgunblaðið 16. nóv. 1996)

Virðulegi ráðherra! Þakka yður vingjarnlegt svar þann 26. september við opnu bréfi mínu, sem birtist í Morgunblaðinu þann 24. ágúst síðastliðinn. Jafnvel þótt bréf mitt fullnægi ekki kröfum yðar um góða umræðu um forsjármál, er von mín engu að síður sú, að umræðan hafi þokast eitt hænuft fram á við. Og það væri raunar ekki svo lítill árangur, því vissulega er málið brýnt. Senn hillir undir, að nær helmingur íslenskra hjóna muni slíta samvistum. Þess vegna eiga þúsundir íslenskra barna gæfu sína undir því, að vel takist til um skilnað foreldra þeirra. Mikilvæga lóð á þá vogarskál leggur stjórnslan, ráðuneyti yðar og ráðuneyti félagsmála.

Ég fæ ekki betur séð en að við séum í fletum greinum sammála um stöðu forsjármála í dag. Þér staðfestið, að verulegs ójafnvægis gæti milli mæðra og feðra. Feður hljóta forsjá barna sinna miklu sjaldnar, en mæður gera. Feður eru að sjálfsögðu engan veginn einsleitur hópur. Flestum er trúlega kunnugt um feður, sem ekki hafa þroska til að axla föðurábyrgð sína og láta sig börnin engu skipta. Þeir feður eru líka til, sem fela mærum forsjá barna sinna með glöðu geði vegna þess, að þær eru hæfari. Svo eru einnig feður, sem eru svo reyrdir í hefðbundin starfshlutverk sín, að þeir geta sig hvergi hrært eins og t.a.m. sjómenn. En ótalinn er stærsti hópurinn, einmitt þeir feður, sem hafa aðstæður, löngun og þroska til að annast börn sín. Fáir fara í forsjármál (og svo sem ekki að undra), þriðjungur semur um sameiginlega forsjá (en börnin fá í flestum tilvikum lögheimili hjá móður), en flestir „semja“ sig frá forsjánni, enda þótt þeir séu margir hverjir sáróánægðir með málalokin. Eins og margsinnis hefur verið staðfest í könnunum hnignar sambandi barns og föður smám saman verulega með alvarlegum afleiðingum. Það er mikil sorg og bág líðan hjá þessum feðrum og „föðurlausu“ börnunum þeirra.

Hlutverk kynjanna hafa verið í upplausn og endurmótin síðustu áratugin. Karlmennt vita vart á stundum í hvorn fótinn þeir eiga að stíga. Gerðar eru háværar kröfur um, að þeir sinni börnum sínum betur. Langflestum er það ljúft. En við skilnað bregður svo við, að þeim er sjaldan treyst fyrir afkvæmunum. Og á því virðist varla nokkur eiginleg breyting hafa orðið á undanföllum áratugum, þrátt fyrir hið nýja úrræði, sameiginlega forsjá. Kannski er þetta hlutverkskreppa karla í hnotskurn. Flestum er nú orðin ljós sú hörmulega leið, sem allt of margir ungir kynbræður okkar velja út úr kreppunni. Þeir deyða sig. Okkur rennur vissulega öllum blóðið til skyldunnar að vísa þeim aðra leið. Umbætur í forsjármálum gætu stuðlað að því.

Svar yðar hefur aukið mér von um, að góðra breytinga sé að vænta í þeim efnunum. Feður skulu nú metnir að verðleikum í ríkari mæli, en verið hefur. Eldri móðurhyggjuviðhorf skulu rekin á undanhald til samræmis við þróun mála á Norðurlöndunum. Nú mun faðir ungra barna verða metinn jafnvígur uppalandi móðurinni. Nútímaþekking á sálarlífi ungbarna verði í síauknum mæli höfð til hliðsjónar við úrlausnir forsjárdeilna um kornabörn. Rýmri fjárhagur, þegar honum er til að dreifa, mun bæta forsjárhæfni föður. (Vel á minnst. Úr ráðuneyti yðar kunna að berast misvísandi upplýsingar um þær reglur, sem fylgt er í þessu efni. Gæti verið hugmynd að bita þær, svo við þyrftum ekki að velkjast í vafa?)

Þetta er göfugur ásteningur (megi ég túlka orð yðar svo), sem allir hljóta að styðja yður í. Og vel er yður trúandi til góðra verka. En því miður eru ljón á veginum. Þeim þar að stugga burt. Fyrst ber að telja móðurhyggjuna. Hún stingur verulega í stúf við boðskap barnalaganna. Því þess misskilnings gætir á stundum, að móðurhyggjan sé í sjálfu sér móðurást eða umhyggja fyrir barninu. En því fer vitanlega víðsfjarri. Móðurhyggja er sú órökstudda hugsun, að mæðrum almennt fari uppeldi barna (einkum á fyrsta æviskeiði) betur úr hendi, en feðrum. Svo virðist sem móðurhyggjan eigi djúpar rætur í stjórnsýslunni. Stjórnsýsla í anda móðurhyggju er því vafasöm barnavernd og feðrum (og börnum) iðulega fjandsamleg. Því er von, að feður láti til leiðast að semja sig frá forsjá barna sinna eða samþykki, að börn þeirra dvelji hjá móður við sameiginlega forsjá. Það er sömuleiðis skiljanlegt, að feður gefi eftir forsjá barna sinna alfarið við slíkar aðstæður og hlífi þeim við frekari deilum. En eins og kannanir sýna eru þeir í raun sáróánægðir með „forsjársamninginn,“ þó þeir veigri sér við að stofa til deilu, enda er það erfiður róður í mótbyr. Og ekki verður kvenhyggjan til að létta róðurinn.

Kvenhyggjan lýsir sér meðal annars í sérkennilegum samskiptum margra þeirra kvenna, er á annan bóginn annast úrlausnir í ágreiningsmálum um börn og á hinn bóginn þeirra kvenna, er úrlausnin snertir. Þessi samskipti geta hvort tveggja verið fjandsamleg og vinsamleg, tilætluð og ótilætluð. Í forsjárdeilum og barnaverndarmálum virðist hún alloft birtast í samstöðu um að gæta (misskilinna) hagsmuna mæðra, en ýta feðrum og eftir atvikum börnum út fyrir hliðarlínu. Því er það heppilegt, að embættismenn af báðum kynjum sinni þessum málaflokki að jöfnu. Það er því miður ekki raunin í dag, hvorki í yðar ágæta ráðuneyti, né í stærstu sífjæðild landsins við sýslumannsembættið í Reykjavík. Á báðum stjórnsýslustigum er umsjón þessara mála nánast eingöngu í höndum kvenna. Sagt er, að syndin sé lævís og lipur. En það er einnig kven- og móðurhyggjan. Jafnvel grandvarar, gagnmenntaðar og góðar mæður eiga það til að hlaupa á sig að óathuguðu máli í þessu efni.

Viðhorfsbreytinga er þörf. Þær gætu t.d. átt sér stað við fræðslu og góða, almenna umræðu. Það dugir lítt að berja höfðinu við steininn eða stinga hausnum í sandinn, þótt málið sé vandasamt í umfjöllun. Stjórnsýsluna má bæta og styrkja. Góðar leiðbeiningar sýslumanna gætu komið í veg fyrir mikla óhamingju. Ýmsar breytingar þyrfti að mínum dómi að gera á annars prýðilegum barnalögum til að einfalda stjórnsýsluna og gera hana að öðru leyti þannig úr garði, að foreldrar í forsjárdeilu hafi sem minnst svigrúm til að meiða hvort annað og börn sín. En það bíður síðari umræðu.

Ég kveð yður að sinni, Þorsteinn, og leyfi mér að minna á, að góð stjórnsýsla í forsjármálum er einnig góð barnavernd. Hin „mikla meginregla“ barnaverndarlaga, það er að segja, að hagsmunir barns skuli vera í fyrirrúmi, má aldrei verða afsökun fyrir misrétti í forsjármálu. Mætti takast að láta „hið mikla leiðarljós“ barnalaga einnig lýsa á feður barnanna, sem þau eiga að vernda. Þetta hafa góðar mæður tekið undir. Og íslensk börn eiga margar slíkar.

(Til fróðleiks og skemmtunar ritar ritstjóri Morgunblaðsins: „Með birtingu greinar þessarar er umræðum lokið á síðum Morgunblaðsins um forræðismál þessi.“)